



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mnrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	31. maí 2016
Málalýkill	04.18
Mál nr.	1501316

Reykjavík 26. maí 2016
Tilv.: MMR15040096/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Sjaland - upplýsinga óskað um framkvæmd umbóta

Í október 2014 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar, Inga Dóra Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, úttekt á starfsemi Leikskólans Sjaland í Garðabæ. Úttektin var gerð á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Helstu matsþættir sem skoðaðir voru eru: Leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsmannamál, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og innra mat. Því til viðbótar var metið hvernig starfsfólk með aðra menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í starfi og starfsemi svokallaðs Þjálfunarkjarna sem er þjónusta við börn með sérþarfir.

Í september 2015 fékk ráðuneytið umbótaráætlun sveitarfélagsins og leikskólans þar sem gerð var grein fyrir umbótum sveitarfélagsins og skólans í framhaldi af skýrslunni.

Ráðuneytið óskar nú eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaráætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2015-2016. Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. ágúst nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigr. Lára Ásberg
Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Björk Öttarsdóttir
Björk Öttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Sjaland og Skólanefnd Garðabæjar
Samrit: Sjaland ehf.
Vesturbrú 7
210 Garðabæ